

Undirritaðir aðilar, annars vegar Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd kaupandi og hins vegar Íbúar - Samráðslýðræði ses., kt. 601210-1260, Skipholti 11-13, 105 Reykjavík, hér eftir nefnd seljandi gera með sér svohljóðandi

Þjónustu- og rekstrarsamning vegna hugmyndavefs fyrir Reykjavíkurborg

1. gr. Markmið - Samningsverkið

Markmið þessa samnings er að tryggja rekstur á hugmyndavef fyrir kaupanda sbr. samning aðila þar um, dags. 17. maí 2011. Kemur samningur þessi að öllu leyti í stað þjónustu- og rekstrarsamnings aðila frá 17. maí 2011.

Á vefnum geta íbúar lagt fram hugmyndir um borgarmálefni, skoðað hugmyndir annarra, rökstutt hugmyndir og stutt eða verið andvíg hugmyndum. Nánari skilgreiningu á virkni og umfangi hugmyndavefsins er að finna í samningi um hugmyndavef fyrir Reykjavíkurborg, dagsettum 17. maí 2011, einkum fylgiskjali 1 (Kerfislýsing) við þann samning.

2. gr. Skuldbindingar seljanda

Seljandi tekur að sér rekstur á hugmyndavef fyrir kaupanda, þar sem íbúar geta lagt fram hugmyndir um borgarmálefni og unnið saman að þróun hugmynda. Seljandi tryggir að vefurinn sé til staðar og að hann nýtist notendum eins og fram kemur í 1. gr. hér frammar og í þeim samningi og skjölum sem þar er vísað til. Miðað er við að vefurinn verði aðgengilegur allan sólarhringinn (99% uppítíma). Seljandi tryggi jafnframt aðgang kaupanda að sérfræðingum seljanda til þess að tryggja framangreindan rekstur.

Seljandi skuldbindur sig til að hafa hugbúnaðinn í viðhaldshæfu ástandi á hverjum tíma. Einnig skuldbindur seljandi sig til að viðhalda þekkingu á hugbúnaðinum og á þeim kerfisbúnaði sem notaður er til framleiðslu á hugbúnaðinum, þannig að unnt sé að bregðast við óskum um breytingar eða aðlaganir á honum.

3. gr. Skuldbindingar kaupanda

Kaupandi sér um samskipti við notendur vefsins, eftirlit með efni hans, prófarkalestur eftir því sem við á, eftirlit með tilkynningum um óviðeigandi efni og umsjón með viðvörðunum til brotlegra notenda. Kaupandi skal tilkynna seljanda ef upp koma alvarleg tilvik sem tengjast misnotkun hjá einstökum notendum og/eða á einstökum svæðum vefsins.

Kaupandi skal greiða fyrir eindaga útgefna reikninga vegna reksturs og þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum. Hyggist kaupandi gera athugasemdir við útgefinn reikning skal hann tilkynna seljanda innan 15 daga frá móttöku um þá afstöðu sína ásamt rökstuðningi fyrir henni.

Kaupandi sér um kynningu á vefnum til borgarbúa.

Kaupandi skuldbindur sig til að beina öllum verkbeiðnum um breytingar og viðbætur, á þeim hugbúnaði sem hugmyndavefurinn byggir á, til seljanda.

4. gr. Uppfærslur og villur

4.1. Uppfærslur

Gjaldið veitir kaupanda rétt á öryggisuppfærslum af hugbúnaðinum sér að kostnaðarlausu meðan samningurinn er í gildi en um aðrar uppfærslur og breytingar á kerfinu skal samið sérstaklega. Þetta á bæði við um hugbúnaðinn sjálfan og uppsetningu á honum á vefsvæðinu. Ekki eru gerðar stórvægilegar breytingar á virkni hugmyndavefsins nema með samþykki kaupanda.

4.2. Villur í hugbúnaði

Ef kaupandi kerfisins finnur mögulegar villur í hugbúnaðinum, skal hann skrá þær í beiðnakerfi seljanda og merkja þær tengilið seljanda. Nákvæm lýsing skal fylgja með dæmum og/eða skjámyndum eins og við á. Þegar möguleg villa er tilkynnt skal kaupandi flokka hana í eftirfarandi flokka:

Kerfishrun

Villa í einhverjum af aðalþáttum hugbúnaðar veldur því að kerfið er óstarfhæft. Villur í þessum flokki skulu tilkynntar símleiðis eins fljótt og auðið er í farsíma númer tengiliðs seljanda.

Vinna við að leysa beiðni í þessum forgangi skal að jafnaði hefjast innan sólarhrings frá því að hún berst, og stefnt að því að henni ljúki í síðasta lagi innan tveggja sólarhringa. Tengilið kaupanda skal gerð grein fyrir stöðu mála innan 12 klukkutíma frá því að vinna við verk hefst.

Mikilvæg villa

Hægt er að nota kerfið en villa hefur komið upp sem veldur því að einn eða fleiri þættir kerfisins eru óstarfhæfir og munu valda verulegum vandamálum við notkun vefsins. Unnið skal að því að lausn þessara beiðna sé lokið innan 5 virkra daga.

Minniháttar villa

Allir meginþættir kerfisins eru að fullu starfhæfir en vandamálið veldur óþægindum. Miðað skal við að lausn slíkra beiðna sé lokið innan tveggja vikna.

Almennt um villur

Þegar möguleg villa er tilkynnt mun seljandi kanna hvort slík villa er í kerfinu með því að reyna að framkalla hana sjálfur. Ef tilkynnt villa er staðfest í prófunum mun seljandi lagfæra villu eins fljótt og auðið er miðað við alvarleika villu.

Allar lagfæringar á staðfestum villum eru innifaldar í samningi þessum.

5. gr. Prófanir á hugbúnaði

Eftir lagfæringar, breytingar eða viðbætur á hugbúnaðinum skal seljandi sjá um grunnprófanir en kaupandi framkvæmir ítarlegar prófanir í samvinnu við seljanda.

Niðurstöður ítarlegra prófana skal tengiliður kaupanda skrá í beiðnakerfi seljanda.

6. gr. Tengiliðir samningsaðila

Kaupandi skal tilnefna tengilið kaupanda. Tengiliðurinn hefur heimild til að skuldbinda kaupanda og annast samskipti við seljanda vegna samnings þessa.

Seljandi skal tilnefna tengilið seljanda. Tengiliðurinn á að geta komið fram fyrir hönd seljanda um framkvæmd samningsins og haft milligöngu um samskipti við kaupanda.

Tengiliði er að finna í fylgiskjali 1 við þennan samning sem hægt er að uppfæra með samþykki beggja aðila.

7. gr. Meðferð verkbeiðna

Óski kaupandi eftir vinnu frá seljanda skal tengiliður kaupanda gera það með því að leggja inn verkbeiðni til seljanda. Einungis skilgreindur tengiliður kaupanda með til þess bært umboð getur óskað eftir breytingum á hugbúnaðinum. Engar breytingar verða gerðar án staðfestingar hans. Þetta þýðir að einstakir notendur geta ekki farið fram á breytingar án samþykkis tengiliðs kaupanda. Tengiliður kaupanda getur lagt inn verkbeiðni til seljanda með eftirtöldum aðferðum:

- Með því að hringja í tengilið seljanda.
- Senda beiðnina í tölvupósti á netfang tengiliðs seljanda.
- Með því að skrá beiðnina beint í beiðnakerfi seljandi

Ef síðasta leiðin er ekki notuð þá skráir seljandi þjónustubeiðnir í beiðnakerfi sitt þar sem kaupandi getur fylgst með stöðu þeirra.

Ef um er að ræða þjónustubeiðnir sem krefjast meira en 8 klst. vinnu skal semja sérstaklega um tímafjölda.

8. gr. Útselt tímagjald

Tímagjald fyrir vinnu utan þessa samnings og skilgreind aukaverk er samkvæmt gjaldskrá hverju sinni, við gildistöku samnings 14.500 kr. án vsk. Gefinn er 15% afsláttur af því verði á samningstímanum.

9. gr. Greiðslur og greiðslutilhögun

Mánaðarlegt rekstrargjald sem kaupandi greiðir seljanda vegna þessa samnings er 250.000 kr. án vsk. Rekstrargjald innifelur eftirfarandi vinnu; Uppfærslur, villulagfæringar, tölvupósta, 4 fundi í mánuði, kerfisumsjón (4 tíma í mánuði) og notendahjálp (4 tíma í mánuði).

Rekstrargjald greiðist mánaðarlega fyrirfram samkvæmt reikningi. Innheimta rekstrargjalds hefst við afhendingu hugbúnaðarins. Mánaðargjöld og útselt tímagjald verða endurútreiknuð 1. janúar og 1. júlí ár hvert með hliðsjón af breytingum á vísitölu neysluverðs.

Seljandi gerir reikninga vegna útseldrar vinnu vegna aukaverka í lok hvers mánaðar fyrir vinnu sem er unnin í mánuðinum. Allir reikningar seljanda skulu vera nægjanlega sundurliðaðir til þess að unnt sé að sannreyna þá. Verði ágreiningur um fjárhæð reiknings getur kaupandi ekki neitað greiðslu á þeim hluta sem er óumdeildur.

Gjalddagi og eindagi er 30 dögum eftir útgáfudag reiknings. Ef greiðsla er ekki innt af hendi á eindaga, falla dráttarvextir skv. vaxtalögum á kröfuna frá gjalddaga. Greiða skal inn á bankareikning sem seljandi tiltekur. Annað greiðsluform telst ekki fullnægjandi.

10. gr. Ábyrgð og takmörkun bóta

Seljandi er ekki skaðabótaskyldur vegna tjóns sem kaupandi kann að verða fyrir vegna galla eða villna í hugbúnaði. Undir þetta fellur tjón sem kaupandi kann að verða fyrir vegna hvers kyns röskunar á starfsemi, taps á hagnaði, taps á viðskiptalegum upplýsingum eða öðrum gögnum og annað sambærilegt tjón.

Seljandi tryggir að kerfið virki í eftirfarandi vöfrum: Internet Explorer 7, 8 og 9, Mozilla Firefox 4 til 11, Google Chrome 10 til 17 og Apple Safari 5. Seljandi tryggir einnig að kerfið virki í nýrri vöfrum af þessum tegundum innan mánaðar frá opinberri útgáfu þeirra. Ef um meiriháttar breytingar er að ræða tekur kaupandi þátt í kostnað við þær skv. samkomulagi.

11. gr. Réttur til kerfisins

Allur þróaður hugbúnaður og gögn í lausninni eru eign seljanda. Ábendingar og þátttaka kaupanda í þróun og breytingum á hugbúnaðinum veita honum engan eignar- eða höfundarrétt.

Til verksins notar seljandi hugbúnað sem hann hefur þróað. Hann byggir á Open Active Democracy hugbúnaðinum sem er opinn hugbúnaður (open source, notar GNU leyfi) sem aðgengilegur er á netinu og munu þær viðbætur sem verða til í þessu verki einnig verða aðgengilegar á sömu forsendum.

12. gr. Afrit af gögnum

Kaupandi skal á hverjum tíma, meðan samningurinn er í gildi og við slit hans af hvaða ástæðu sem er, eiga rétt á að fá afrit af gagnagrunni kerfisins, þ.e. af öllum gögnum um notendur og sem notendur hafa sett inn, innan viku frá beiðni þar að lútandi. Fyrir þessa þjónustu eru rukkaðir 2 tímar í útseldri vinnu.

13. gr. Ábyrgð og meðferð gagna/upplýsinga

Aðilar að þessum samningi eru sameiginlega ábyrgðaraðilar samráðsvefsins Betri Reykjavík www.betrireykjavik.is í skilningi 4 t.l. 1. mgr. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu dags. 16. desember 2011. Skiptist hlutverk samningsaðila sem ábyrgðaraðila í þessum skilningi þannig að kaupandi ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga og þann búnað sem notaður er en seljandi ákveður aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna í samræmi við tilgang vinnslunnar.

Seljandi tryggir að meðferð og vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt samningi þessum skal uppfylla skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og ber ábyrgð á að skráðir notendur fái við skráningu upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 20. gr. þeirra laga eins og við á.

Íbúar Samráðslýðræði ses. undirrita trúnaðaryfirlýsingu sem verktaki, sbr. skjalið „810-400 Trúnaðaryfirlýsing verktaka“, sem er hluti af vottuðu upplýsingaöryggiskerfi kaupanda samkvæmt ISO 27001.

14. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir í eitt (1) ár frá undirritun. Þrem mánuðum fyrir lok gildistíma munu aðilar setjast niður og ákveða hvort framhald verði á samstarfi og gera nýjan samning ef ákveðið er að halda áfram samstarfi.

Ef annar aðili samnings þessa verður gjaldþrota, gengur til nauðasamninga eða fær greiðslustöðvun, er hinum samningsaðilanum frjálst að segja samningnum upp skriflega eða gefa stjórn þrotabúsins kost á að standa við samninginn með yfirlýsingu þar um.

15. gr. Vanefndir

Ef verulegar vanefndir verða á samningi þessum af völdum annars samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta honum með eins mánaðar fyrirvara. Til verulegra vanefnda teljast meðal annarra brot á ákvæðum samnings þessa sem fjalla um skyldur aðila sbr. m.a. grein 2 og 3. Áður en samningsaðili gefur út yfirlýsingu um riftun skal hann gera gagnaðila skriflega viðvart og veita honum hæfilegan frest til úrbóta á vanefndunum.

16. gr. Breytingar á samningi

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framur fyrri skuldbindingum, munnlegum, skriflegum eða öðrum samskiptum um það sem samningurinn tekur til. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar fyrir hönd beggja samningsaðila.

17. gr. Samkeppni

Kaupandi og seljandi skuldbinda sig til að virða ráðningarsamninga hvors um sig við starfsmenn sem vinna að verkefnum samkvæmt samningi þessum. Kaupanda og seljanda er óheimilt að ráða til sín viðkomandi starfsmenn gagnaðila eða bjóða þeim ráðningu í allt að einu ári eftir að viðkomandi starfsmaður lætur af störfum nema til komi samþykki seljanda, eða kaupanda, eftir því sem við á. Ákvæði þetta á einnig við um undirverktaka.

18. gr. Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), þ.e. til bilana vegna rafmagns- og/eða fjarskiptakerfa, slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

19. gr. Framsal

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

20. gr. Ágreiningsmál

Samningur þessi og túlkun hans fer að öllu leyti eftir íslenskum lögum. Ef eitthvert ákvæði hans stangast á við lög skal sú grein falla niður en ekki samningurinn í heild sinni.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd þessa samnings skulu samningsaðilar leggja sig fram um að ná sáttum. Komi til þess að deilumál vegna samnings

Þessa fari fyrir dómstóla í tengslum við gerðardómsmeðferð í samræmi við lög nr. 53/1989 er heimilt að reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

21. gr. Varnarþing


Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


22. gr. Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.


Fylgiskjal:
Yfirlit yfir tengiliði.


Reykjavík, 23. mars 2012.


F.h. Reykjavíkurborgar


F. h. Íbúa ses.

Vottar að dagsetningu og réttum undirskriftum

 kt 301263-2609

 kt 190772-4038

Fylgiskjal 1 við þjónustu- og rekstrarsamning vegna hugmyndavefs fyrir Reykjavíkurborg

1. Tengiliðir.

Reykjavíkurborg og Íbúar ses tilnefna tvo tengiliði hvor sem jafnframt skipa ritstjórn hugmyndavefsins.

Tengiliðir Reykjavíkurborgar vegna hugmyndavefs eru:

Bjarni Brynjólfsson – bjarni.brynjolfsson@reykjavik.is

Hreinn Hreinsson – hreinn.hreinsson@reykjavik.is

Tengiliðir Íbúa ses. Vegna hugmyndavefs eru:


Gunnar Grímsson gunnar@ibuar.is

Róbert Bjarnason – robert@ibuar.is


2. Breytingar á tengiliðum

Tilkynningar um breytingar á tengiliðum skulu tilkynntar ritstjórn.

Reykjavík, 23. mars 2012.



F.h. Reykjavíkurborgar



F. h. Íbúa ses.